



Dags. 17. október 2019

Með vísan til erindis yðar, dags. 27. september 2019, þar sem Samiðn er veitt tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum 50/1988, um síðari breytingum (endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað), 10. mál.

**Umsögn:**

Samiðn fagnar þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér, þ.e. byggjendum eða eigendum íbúðarhúsnæðis sé að fullu leyti endurgreiddur sá virðisaukaskattur sem þeir greiða af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingastað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds.

Er það mat Samiðnar að þessi breyting hafi jákvæð áhrif á félagsmenn Samiðnar. Hins vegar telur Samiðn mikilvægt að umrædd breyting taki einnig til frístundahúsa og telur engin rök hníga í þá veru að undanþiggja frístundahús frá þessari breytingu. Í frumvarpinu er í raun tekið fram að sterk rök séu í þá veru að frístundarhúsi falli einnig undir þá breytingu sem frumvarpið boðar og tekur Samiðn undir það sjónarmið.

Enn fremur telur Samiðn mikilvægt að umrædd endurgreiðsla á virðisaukaskatti taki til forsmíðara húsa/eininga, þ.e. þeirra sem smíðuð eru í verksmiðjum til að tryggja samkeppnisstöðu hlutaðeigandi aðila.

Fyrir hönd Samiðnar

Elmar Hallgríms Hallgrímsson, framkvæmdastjóri